

ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

11. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgða-bókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

FORSETI ÍSI ANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo: Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda þá dráttarvexti af henni, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, og skulu það jafnframt vera hæstu leyfilegir dráttarvextir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Önnur lagaákvæði um dráttarvexti skulu halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.